



## Langanesbyggð

Langanesvegi 2  
680 Þórshöfn

### Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði, umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin óskar hér með eftir framkvæmdaleyfi til Langanesbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmd felur í sér gerð á Norðausturvegi (85) um Brekknaheiði á um 7,6 km löngum kafla, Sjá fylgiskjal 1. Vegurinn verður 7 m breiður með bundnu slitlagi. Gerð verða undirgöng í st. 260 og áningarstaður verður staðsettur á hliðarvegi sem liggur að vatnstanki og tengist Norðausturvegi í st. 1.040. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í byrjun apríl 2025 og verði lokið 1. ágúst 2027.

#### Yfirlit yfir framkvæmd:

Framkvæmdakaflinn hefst við st. 0, sem er við ný vegamót Langanesvegar og Norðausturvegar og kaflinn endar við stöð 7600 sem er í Vatnadal á Brekknaheiði. Um er að nýbyggingu vegar á stærstum hluta vegkaflans. Á hluta vegkaflans er nýr vegur byggður við hlið núverandi vegar og á um 300 m þar sem nýr vegur tengist núverandi vegi í Vatnadal er um að ræða endurbyggingu vegar. Ný vegamót Langanesvegar og Norðausturvegar, þéttbýlishlið sunnan vegamótanna og áningarstaður eru einnig innifalín í verkinu.

Helstu magntölur eru:

-	Bergskeringar í vegstæði	1.750	m <sup>3</sup>
-	Fyllingar	136.400	m <sup>3</sup>
-	Fyllingar í farg	53.500	m <sup>3</sup>
-	Fláafleygar	27.000	m <sup>3</sup>
-	Ræsalögn	544	m
-	Stálplöturæsi	26	m
-	Styrktarlag	39.200	m <sup>3</sup>
-	Burðarlag	12.000	m <sup>3</sup>
-	Klæðing	52.500	m <sup>2</sup>
-	Girðingar	500	m

Síða 1/6

#### Vegagerðin

Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

**Efnistökuáform:**

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaða efnistöku í framkvæmdina. Námurnar eru allar á aðalskipulagi en í Námu H - Miðfirði 1 verður efni tekið úr efnishaugum sem eru á staðnum og er það því ekki náma, sjá fylgiskjal 2.

Efni	Fyllingar og farg	Fláafleygar	Styrktarlag unnið	Burðarlag 0/22 mm *	Burðarlag 0/45 mm *	Klæðing 8/16 mm *	Klæðing 8/14 mm *	Malarslitlag	Rofvörn við ræsi	Samtals
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>
<b>Námur:</b>										
Náma A, Álfasteinsmelur	26 000	3 000								29 000
Náma B, Norðan við Tryggvakofa	51 000	3 000							150	54 150
Náma C, Rauðabrekka	43 400	2 800	39 200						200	85 600
Náma D, Brekknanáma	5 000									5 000
Náma E, Gunnólfsvík	1 000			3 020	3 760	810	830			9 420
Náma F, Sauðanesháls								130		130
Náma G, Saurbæjarháls				950						950
Náma H, Miðfirður 1				600	3 650					4 250
<b>Skeringar:</b>										
Skeringar í laust efni	8 000	18 000								26 000
Skeringar, tengingar		200								200
Bergskeringar	1 500								200	1 700
Magnaukning í bergsker. (30%)	500									500
<b>Samtals</b>	<b>136 400</b>	<b>27 000</b>	<b>39 200</b>	<b>4 570</b>	<b>7 410</b>	<b>810</b>	<b>830</b>	<b>130</b>	<b>550</b>	<b>216 900</b>
* Hannað magn										Síða 2/6

**Náma A: Álfasteinsmelur**

Efnistökusvæðið er um 16.000 m<sup>2</sup> að stærð, en gert er ráð fyrir 7.400 m<sup>2</sup> svæði þar austan við fyrir ofanafýtingu og frágang námusvæðisins. Gæta verður sérstaklega að því að raska á engan hátt yfirborði holtsins vestan við afmörkun námusvæðis. Þetta er gert þannig að efnistökusvæðið komi ekki til með að sjást frá Þórshöfn. Gæta þarf einnig að því að efnistakan afvatni ekki deiglendi norðaustan við holtið. Stálhæð yrði mest nyrst og austast á efnistökusvæðinu, þar sem dýpst er á klapparyfirborð. Þar er reiknað með um 2,5-3,5 m stálhæð. Yfirborð melsins er grýtt og talsvert af um 1-1,5 m stórum steinum. Melagróður, eins og mosi, rjúpnalauf og krækiberjalyng, hylja um 30% af yfirborði. Gera má ráð fyrir um 0,45 m þykku moldarblönduðu efni á yfirborði að meðaltali í ofanafýtingu

Í lok framkvæmdar skal gengið frá námunni og henni lokað. Ganga skal þannig frá svæðinu að sem minnst beri á efnistökunni. Slétta skal úr haugum og ýta efni upp að stáli eða brjóta niður þannig að brúnir séu ávalar, aflíðandi óreglur í yfirborði og halli hvergi meiri en 1:3. Ofanafýtingu skal jafnað á yfirborð. Núverandi melyfirborð er grýtt og skal steinum, og stórgrýti sem ekki nýtist í vegagerðinni, dreift óreglulega um yfirborð eða hálfgrafið niður til að líkja sem mest eftir óröskuðu nærumhverfi aflíðandi mela. Yfirborð skal ekki þjappað eða slétt heldur haft gróft til að flýta fyrir landnámi gróðurs. Námuslóð skal einnig afmáð í lok verks. Efni sem í hana er keyrt skal flutt aftur í námuna eða nýtt í fláa veglínu. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um frágang þess yfirborðs sem hún liggur um og um námuna sjálfa, þ.e. að reyna að endurheimta sem best náttúrulegt yfirbragð.

**Náma B: Norðan við Tryggvakofa**

Námusvæðið er um 17.300 m<sup>2</sup> að stærð, en gert er ráð fyrir 5.200 m<sup>2</sup> svæði þar austan við fyrir ofanafýtingu og frágang námusvæðisins. Reiknað er með stálhæð mest um 4 m, en minnkandi til austurs. Gæta þarf að því að efnistakan

afvatni ekki deiglendi austan við holtið og fari ekki niður fyrir grunnvatnsborð flóans sem liggur vestan við það. Stærstur hluti yfirborðs námusvæðisins er grýttur melur með töluverðu af 0,6-0,7 m steinum. Einhverjir steinar á yfirborði ná upp í um 1-2 m stærð. Stórgrýti sem ekki nýtist til vegagerðar skal nýta við frágang námunnar. Klöppin stendur upp úr yfirborði á einhverjum stöðum efst á holtinu. Á nokkrum svæðum er svarðlag þykkara með stórþýfðum mógróðri og fjalldrapa. Gróður eins og mosi, rjúpnalauf og krækiberjalýng, vaxa að nokkru marki á melnum. Gera má ráð fyrir um 0,5 m moldarblönduðu efni á yfirborði að meðaltali í ofanafýtingu á melasvæðunum, en talsvert meira þar sem yfirborð er gróið og stórþýft, eða um 1-1,5 m.

Í lok framkvæmdar skal gengið frá námunni og henni lokað. Ganga skal þannig frá svæðinu að sem minnst beri á efnistöku. Slétta skal úr haugum, brjóta niður klapparstál og brúnir, og móta þannig að yfirborð verði aflíðandi og líki sem mest eftir óröskuðu nærumhverfi. Fláar skulu hvergi vera meiri en 1:3. Ofanafýtingu skal jafnað á yfirborð. Núverandi melyfirborð er grýtt og skal steinum, og stórgrýti sem ekki nýtist í vegagerðinni, dreift óreglulega um yfirborð eða hálfgrafið niður til að líkja eftir náttúrulegu yfirborði. Yfirborð skal ekki þjappað eða slétt heldur haft gróft til að flýta fyrir landnámi gróðurs. Námuslóð skal einnig afmáð í lok verks. Efni sem í hana skal flutt aftur í námuna eða nýtt í fláa veglínu. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um frágang þess yfirborðs sem slóðin liggur um og um námuna sjálfa, þ.e. að reyna að endurheimta sem best náttúrulegt yfirbragð.

#### Náma C: Rauðabrekka

Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu og er náman ófrágengin. Námuþotn er nokkuð óreglulegur með smáhaugum hér og þar, en plan er næst núverandi vegi. Líklega þarf að stækka planið t.d. með því að færa ofanafýtingshaug til að gera betra pláss fyrir efnisvinnslu og hauga.

Efnistökusvæðið er um 38.500 m<sup>2</sup> að stærð, en gert er ráð fyrir 14.400 m<sup>2</sup> svæði þar vestan við, fyrir ofanafýtingu og frágang námusvæðisins ef þörf er á. Um 1.800 m<sup>2</sup> af áætluðu efnistökusvæði lenda undir eldri ofanafýtingu, sem þarf að færa til. Gert er ráð fyrir að náman verði unnin niður um 3-4 m. Ekki skal opna námuna út til austurs heldur leyfa náttúrulegri brún hjallans að standa og hindra þannig sýn inn í námuna. Yfirborð námusvæðisins eru þýfðir flagmóar. Nokkuð grjót stendur upp úr yfirborði og nær upp í um 1 m stærð. Austast á efnistökusvæðinu og austan við námuútlínu er yfirborð meira mosavaxið og talsvert um steina við yfirborð. Brekkan niður af hraunstallinum sem vís til austurs er vaxinn mógróðri.

Í lok framkvæmdar skal gengið frá allri námunni, bæði eldri og nýrri efnistöku- og vinnslusvæðum, og henni lokað. Slétta skal úr haugum og ýta efni upp að stáli eða brjóta niður þannig að brúnir séu ávalar og halli hvergi meiri en 1:3. Ekki skal brjóta niður stál austan til í námunni þannig að það opni sýn inn í námuna. Námuþotn skal mótaður með vægum mishæðum og ofanafýtingu jafnað

gróflega á yfirborð. Haugstæðið sem næst liggur núverandi vegi skal ekki afmáð, heldur látið halda sér í núverandi mynd.

#### Náma D: Brekknanáma

Áður hefur verið tekið efni á sama svæði og efnistaka er nú áætluð. Gengið hefur verið frá svæðinu og ofanfýtingu jafnað yfir en hún er mjög misþykk á yfirborði. Efnið í námunni nýtist í fyllingu og fláafleyga. Efnistökusvæðið er aðeins um 2.700 m<sup>2</sup> að stærð. Gert er ráð fyrir því að náman verði unninn niður um 2-3 m, en aldrei niður fyrir grunnvatnsborð. Mikill flói liggur norðvestan við námuna og gæta verður að fara ekki niður fyrir yfirborð hans.

Í lok framkvæmdar skal gengið frá námunni og henni lokað. Slétta skal úr haugum og móta svæðið þannig að það fái aftur á sig hrygglögun, þ.e. óreglulega kúpt yfirborð með lækkanði brúnir til norðvesturs og suðausturs. Ofanfýting sem ekki er nýtt í fláafleyga skal jafnað á yfirborð en grónar brúnir hryggsins skal nýta í fráganginn og þær flattar aflíðandi inn á námusvæðið. Stórgrýti sem ekki nýtist í vegagerðinni, skal dreift óreglulega um yfirborð eða hálfgrafið niður til að líkja eftir náttúrulegu melyfirborði. Yfirborð skal ekki þjappað eða slétt heldur haft gróft til að flýta fyrir landnámi gróðurs. Námuslóðin skal einnig afmáð í lok verks. Ekki skal einungis dreift á hana steinum, heldur skal reynt að fella hana að nærliggjandi landyfirborði með landmótun og þannig endurheimta sem best náttúrulegt yfirbragð.

#### Náma E: Gunnólfsvík

Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu. Náman er í fornan sethjalla eða malarkamb sem myndast hefur við hærri sjávarstöðu þegar jöklar hörfuðu undir lok ísaldar. Hjallinn er í um 30 m hæð yfir sjó og hafa árnar Bjarnalækur og Geysirófa grafið sig niður í hann. Bjarnalækur skiptir hjallanum í tvennt. Austan lækjarins er efnistökusvæði E-1, en vestan lækjarins er gamall námubotn þar sem vinnsla efnisins í burðarlag og klæðingu og haugsetning skal fara fram, E-2. Náman er í fornan sethjalla eða malarkamb sem myndast hefur við hærri sjávarstöðu þegar jöklar hörfuðu undir lok ísaldar. Hjallinn er í um 30 m hæð yfir sjó og hafa árnar Bjarnalækur og Geysirófa grafið sig niður í hann. Bjarnalækur skiptir hjallanum í tvennt. Austan lækjarins er efnistökusvæði E-1, en vestan lækjarins er gamall námubotn þar sem vinnsla efnisins í burðarlag og klæðingu og haugsetning skal fara fram, E-2.

Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall eru á Náttúruminjaskrá Austurlands. Þar segir um svæðið: Nr. 601. Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall, Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert gróðurfar. Í skýrslunni „Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæðinu. Staðarval og aðstöðusköpun“ stendur: Þekktir fundarstaðir sjaldgæfu plantna eru reyndar í nokkuð mikilli hæð yfir sjó. Engar sjaldgæfar plöntur eru þekktar á fyrirhuguðu námusvæði. Taka þarf þó sérstakt tillit til náttúru svæðisins þar sem það er á náttúruminjaskrá.

Að efnistöku lokinni skal móta námusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu. Við frágang skulu bakkar brotnir niður og jafnaðir. Flái niður í námu

af hjallanum mætti vera 1:2. Svæði E-2 mun áfram gegna hlutverki námuplans og haugsvæðis.

#### *Svæði E-1 – Efnistökusvæði*

Efnistakan er í fornan sethjalla eða malarkamb. Hjallinn er fremur þurr en gróðurpekja er næstum 100%. Ríkjandi gróður er mosi og lyng. Ofanafýting er nokkuð breytileg, en moldarblandað efni er um 0,6 m á yfirborði að meðaltali. Haugsetja skal ofanafýting. Ofanafýtingu skal haldið til haga og notuð við frágang námunnar.

Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu vegna framkvæmda Vegagerðarinnar á Norðausturvegi um Langaneströnd. Námusvæðið er frágengið með ofanafýtingu í fláum sem ná frá náttúrulegu yfirborði niður að námubotni.

Áætlað efnistökusvæði er 9.700 m<sup>2</sup> og skal vinna hjallann inn til suðvesturs frá núverandi námubotni og niður um allt að 4 m.

#### *Svæði E-2 – Efnisvinnslu- og haugsvæði*

Svæði til efnisvinnslu- og haugsetningar burðarlags og klæðingarefnis er afmarkað í núverandi námubotni vestan Bjarnalækjar. Nokkuð þröngt er í námubotninum. Svæðið er 23.000 m<sup>2</sup>, en haugar sem dreifast um svæðið hylja um 5.800 m<sup>2</sup> þess. Þar af eru úrharpshaugar frá efnisvinnslu vegna Langanesstrandar um 11.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að nýta hluta efnis úr úrharpshaugum í yfirborð fargs til að gera það aksturshæft fyrir almenna umferð. Aka skal efni úr námu E-1 yfir á svæði E-2, þar sem það skal malað í burðarlag og klæðingu.

#### *Náma F: Sauðanesháls*

Um er að ræða haugsett malarslitlagsefni í eigu vegagerðarinnar.

#### *Náma G: Saurbæjarháls*

Um er að ræða haugsett burðarlagsefni 0/22 í eigu vegagerðarinnar.

#### *Náma H: Miðfjörður 1*

Um er að ræða haugsett burðarlagsefni 0/22 og 0/45 í eigu vegagerðarinnar.

### **Minjar:**

Vitað er um nokkra minjastaði í námunda við og á framkvæmdasvæði. Verktaki mun sjá um að merkja og girða af með varúðarmerkingum minjasvæði á framkvæmdartíma. Verktaki skal gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir á þekktum minjasvæðum. Minjastofnun Íslands hefur veitt leyfi fyrir röskun á minjum sem fara undir framkvæmdir, sjá fylgiskjal 3.

### **Umferð**

Verktaka er ekki heimilt að loka Norðausturvegi eða Langanesvegi fyrir almennri umferð á meðan á framkvæmdum stendur. Ef þörf er á getur verktaki gert bráðabirgðavegi með samþykki umsjónamanns verkkaupa. Kappkostað

verður að haga framkvæmdum þannig að umferð verði fyrir eins lítilli truflun og mögulegt er.

### Leyfi Fiskistofu:

Mögulega er fisk að finna í Gunnlaugsá á framkvæmdasvæði en það er ekki þekkt. Hafrannsóknarstofnun telur ræsi í Gunnlaugsá muni ekki hafa teljandi áhrif á mögulega fiskgengd, sjá fylgiskjal 4. Sótt hefur verið um leyfi til Fiskistofu vegna ræsis í Gunnlaugsá og verður farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi.

### Skipulag:

Framkvæmdin er í samræmi aðalskipulag Langanesbyggðar. Framkvæmdin er í samræmi við tillögur að deiliskipulagi Suðurbæjar Þórshafnar.

### Landeigendur:

Unnið er að samningum við landeigendur. Ef ekki tekst að ganga frá samningum áður en framkvæmdir hefjast verður fengið skriflegt samþykki fyrir því að hefja framkvæmdir á meðan gengið er frá samningum.

### Gróður og votlendi:

Leitast verður við að nota grenndargróður við uppgræðslu á framkvæmdasvæði og efnistökusvæðum. Við framkvæmdina raskast 261.993 m<sup>2</sup> af votlendi, sjá fylgiskjal 5. Unnið er að því finna svæði fyrir endurheimt votlendis í stað þess sem raskast.

### Mat á umhverfisáhrifum.

Könnuð hefur verið matsskylda framkvæmdarinnar, sjá fylgiskjal 6. Skipulagsstofnun ákvarðaði að framkvæmdin væri ekki matsskyld þann 20. júlí 2023, sjá fylgiskjal 7

### Fylgiskjöl:

- Fylgiskjal 1 – Yfirlitsmynd
- Fylgiskjal 2 – Efnistökusvæði
- Fylgiskjal 3 – Fornleifaskráning á Brekknaheiði ásamt námum
- Fylgiskjal 4 – Umsögn Hafrannsóknarstofnunar um Gunnlaugsá
- Fylgiskjal 5 – Votlendi
- Fylgiskjal 6 – Norðausturvegur um Brekknaheiði – Fyrirspurnarskýrsla
- Fylgiskjal 7 – Matsskylduákvörðun – Norðausturvegur um Brekknaheiði

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Skjal þetta er undirritað rafrænt